

Stofnunarsamningur sjúkraþjálfara á HNLFI

Samstarfsnefnd Stéttarfélags sjúkraþjálfara (SSP) annars vegar og Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa sjúkraþjálfara við stofnunina. Samningur þessi telst hluti af kjarasamningi SSP og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara sem starfa hjá Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

2. Markmið

Um markmið er vísað til 11. greinar ofangreinds kjarasamnings.

3. Grunnröðun starfa

3.1 Grunnröðun

Nýútskrifaður sjúkraþjálfari	4. flokkur
Sjúkraþjálfari eftir sex mánuði í starfi	5. flokkur
Sjúkraþjálfari eftir eitt ár í starfi	6. flokkur
Sviðsstjóri	7. flokkur

Grunnröðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun.

3.2 Frekari forsendur röðunar

Við röðun starfa innan launaramma, umfram það sem tiltekið er í grein 3 hér að framan, skal taka tillit til atriða sem geta orðið til þess að raða störfum ofar en grunnröðun segir til um. Samstarfsnefnd er sammála um að taka beri tillit til eftirfarandi atriða við þá röðun:

3.2.1 Menntun

a. Formlegt framhaldsnám sem nýtist í starfi.

Hafi sjúkráþjálfari meistarapróf, doktorspróf eða annað formlegt nám í fagi sínu sem nemur a.m.k. 30 einingum, en þess er ekki krafist við grunnröðun starfsins, skal meta það til hækkunar frá grunnröðun sem hér segir:

- Meistarapróf hækkar röðun um tvo launaflokka
- Sérfræðiviðurkenning HTR hækkar röðun um einn launaflokk
- Doktorspróf hækkar röðun um tvo launaflokka til viðbótar meistaraprófi.
- Annað formlegt framhaldsnám, að lágmarki 30 einingar, eins og einingar eru skilgreindar við Háskóla Íslands, hækkar röðun um einn launaflokk .

b. Önnur viðbótarmenntun sem nýtist í starfi

Hafi sjúkráþjálfari aflað sér viðbótarmenntunar með því að sækja námskeið í faginu eða með öðrum skipulegum hætti svo meta megi til ákveðins stundafjölda, skal meta hana til hækkunar frá grunnröðun sem hér segir:

120 stundir hækka röðun um 5% (2 álagsþrep)

240 stundir hækka röðun um 5% (2 álagsþrep)

360 stundir hækka röðun um 5% (2 álagsþrep)

3.2.2 Starfsreynsla

Starfsreynslu sjúkráþjálfa innan fagsins skal meta til hækkunar frá grunnröðun sem hér segir:

Eftir þrjú ár hækkar röðun um 2,5% (eitt álagþrep)

Eftir sex ár hækkar röðun um 2,5% (eitt álagsþrep)

Eftir tveggja ára starf á HNLFI hækkar röðun um 2,5%, (eitt álagsþrep)

Með vísan í 3. málsgrein, í fylgiskjali 1 í miðlægum kjarasamningi SFH og SSP frá 22. september 2005, þetta tekur gildi 1. maí 2007.

3.2.3 Umfang starfi

Samstarfsnefnd er sammála um að leita leiða til að meta störf sjúkraþjálfara á kerfisbundinn hátt, m.a. faglega ábyrgð og umfang.

3.2.4 Persónubundnir þættir

Samstarfsnefnd er sammála um að leita leiða til að unnt verði við ákvörðun launa að taka tillit til árangurs og frammistöðu sjúkraþjálfara. Beitt verður sem hlutlægustum mælikvörðum í því skyni og skulu báðir aðilar vera sammála um þann mælikvarða sem kann að verða notaður.

4. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd er vísað til 11. gr. kjarasamnings þess sem samkomulag þetta byggir á.

5. Gildistaka

Samkomulag þetta tekur gildi 1. maí 2006 og gildir til 30. apríl 2008.

Hveragerði, 17. nóvember 2006

Fyrir hönd
Heilsustofnunar NLFÍ,

Fyrir hönd
Stéttarfélags sjúkraþjálfara,

Bókanir með stofnunarsamningi Heilsustofnunar NLFÍ annars vegar og Stéttarfélags sjúkráðjálfa hins vegar

Bókun 1

Sjúkráðjálfarar fá til eignar einn vinnugalla og einn vinnuból á ári og skulu sjá sjálfir um þrif á sínum fatnaði.

Bókun 2

Með gildistöku hins nýja launakerfis munu fastar yfirvinnugreiðslur vera 10 tímar á mánuði fyrir fulla vinnu en annars í hlutfalli við vinnuframlag, þ.e. yfirvinnutímum fækkar ef vinnuframlag minnkar.

Bókun 3

Samningsaðilar eru sammála um að í gildi eru fjórar sviðsstjórstöður frá og með 1. maí 2006. Yfirsjúkráðjálfi í samvinnu við starfandi sjúkráðjálfa ákveður hvaða fjögur teymi eru umfangsmest og þarfnist sviðsstjóra.

Hver sviðsstjórastaða getur skipst á tvo sjúkráðjálfa.

Bókun 4

Samningsaðilar eru sammála um að allir starfandi sjúkráðjálfarar á HNLFI við undirritun samnings þessa fá til launahækkunar eitt álagsþrep þann 1. maí 2007 þó þeir hafi ekki náð tveim árum í starfi á staðnum, sjá grein 3.2.2 hér að framan.

Hveragerði, 17. nóvember 2006

f.h. Heilsustofnunar NLFÍ

f.h. Stéttarfélags sjúkráðjálfa
